



Ársskýrsla 2019

SAMTÖK UM
KVENNAATHVARF

Ársskýrsla 2019
Samtök um kvennaathvarf

Ársskýrsla Samtaka um Kvennaathvarf fyrir árið 2019

Ábyrgðaraðili: Sigprúður Guðmundsdóttir,
framkvæmdastýra Samtaka um kvennaathvarf

Útgáfustaður: Reykjavík, september 2020

Prentað af: Háskólaprent. Umhverfissvottuð prentsmiðja.

Útgefandi: Samtök um kvennaathvarf

www.kvennaathvarf.is

© Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti.

Ársskýrsla 2019
Samtök um kvennaathvarf

EFNISYFIRLIT	
SKÝRSLA STJÓRNAR SAMTAKANNA	3
SKÝRSLA FRAMKVÆMDASTÝRU	10
ÁRIÐ 2019 Í TÖLUM	13
LYKILTÖLUR ÚR ÁRSREIKNINGI	25

Töflu- og myndayfirlit	
Tafla 1. Komur í Kvennaathvarfið 2017-2019	13
Tafla 2. Tegund ofbeldis	14
Mynd 1. Aldursdreifing kvenna (viðtöl og dvöl)	16
Mynd 2. Uppruni kvenna (viðtöl og dvöl)	17
Mynd 3. Uppruni viðtalskvenna	18
Mynd 4. Uppruni dvalarkvenna	18
Tafla 3. Búseta kvenna	19
Mynd 5. Aldursdreifing gerenda	20
Mynd 6. Uppruni gerenda	21
Tafla 4. Tengsl við gerendur	21
Mynd 7. Aldursdreifing dvalarbarna	22
Tafla 5. Afdrif dvalarkvenna	23
Tafla 6. Afleiðingar og aðgerðir í kjölfar ofbeldis	24
Tafla 7. Lykiltölur úr ársreikningi	25
Tafla 8. Yfirlit styrkja 2018 og 2019	27
Tafla 9. Yfirlit gjafa 2018 og 2019	28

SKÝRSLA STJÓRNAR SAMTAKA UM KVENNAATHVARF

Aðalfundur Samtaka um kvennaathvarf og Sjálfseignarstofnunar Kvennaathvarfsins var haldinn á Hallveigarstöðum 11. apríl 2019 kl. 17.

Þær Edda Ólafsdóttir, Elín Jónsdóttir og Jóna Sólveig Elínardóttir höfðu verið kjörnar í stjórn til tveggja ára og ljúka því kjörtímabilum sínum á aðalfundi 2020. Árni M. Matthíasson hafði lokið sínu kjörtímabili en gaf kost á sér til áframhaldandi stjórnarstarfa og var hann einróma kjörinn. Nadía Borisdóttir, sem áður átti sæti í stjórn sem varamaður, gaf kost á sér í stjórn samtakanna og var það samþykkt samhljóma. Tók hún við sæti Friðu Bragadóttur sem átt hafði 10 ára farsælan feril í stjórn og varastjórn samtakanna. Uppstillingarnefnd lagði til að Alda Hrönn Jóhannsdóttir tæki sæti varamanns í stjórn samtakanna og Joanna Marcinkowska gaf áfram kost á sér sem varamaður, var hvoru tveggja samþykkt samhljóða.

Sjálfseignarstofnun Kvennaathvarfsins er félag sem hefur það eina hlutverk að eiga fasteign sem hýsir starfsemi athvarfsins. Í stjórn Sjálfseignarstofnunarinnar situr formaður stjórnar Samtaka um kvennaathvarf á hverjum tíma auk þess sem aðalfundur kýs tvo stjórnarmenn til viðbótar. Í stjórnina voru kjörnar þær Guðrún Hallgrímsdóttir og Þórlaug Jónsdóttir og til vara þær Þórdís Guðmundsdóttir og Birna Þórarinsdóttir. Birna Þórarinsdóttir og Sabine Leskopf voru kjörnar skoðunarmenn reikninga.

Ársskýrsla 2019 Samtök um kvennaathvarf

Hlutverk stjórnar Samtaka um kvennaathvarf er samkvæmt lögum félagsins að móta stefnu athvarfsins og hafa eftirlit með fjárreiðum og rekstri samtakanna. Stjórnin er framkvæmdateymi athvarfsins bakland, bæði varðandi dagleg verkefni í athvarfinu og þátttöku í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi.

Stjórn skipti með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund. Jóna Sólveig Elínardóttir var kjörin formaður, Edda Ólafsdóttir varaformaður, Elín Jónsdóttir gjaldkeri og Árni M Matthíasson ritari.

COVID-19

Veiran hafði áhrif á hefðbundna starfsemi stjórnar. Alla jafna hittist stjórnin mánaðarlega, en þó falla fundir niður í júlí, desember og í aðalfundarmánuðinum apríl. Að þessu sinni voru stjórnarfundir 14 milli aðalfunda, en fjöldi funda helgaðist annars vegar af því að fresta þurfti aðalfundi fram í september vegna aðstæðna í samfélaginu í kjölfar útbreiðslu COVID-19, auk þess sem kalla þurfti til aukafunda til að takast á við ný og brýn verkefni sem komu til vegna faraldursins. Til að tryggja tveggja metra fjarlægðarviðmið á stjórnarfundum fengu samtökin að nýta fundaraðstöðu hjá Bláðamannafélagi Íslands og kann stjórn athvarfsins félaginu miklar þakkir fyrir liðlegheitin. Þá fór á stjórnartímabilinu fram fyrsti fjarfundur stjórnar í sögu athvarfsins.

Ársskýrsla 2019
Samtök um kvennaathvarf

Þróun og stefnumótun

Líkt og umliðin ár hafa stjórn, framkvæmdateymi og starfskonur unnið markvisst að því að þróa og efla starfsemi athvarfsins. Heildar rekstrarúttekt ráðgjafafyrirtækisins RR ráðgjafar, sem skilað var um mitt ár 2019, var liður í þessu. Skýrslan gagnast bæði stjórn og framkvæmdateymi athvarfsins en þar eru gerðar tillögur sem þegar hafa reynst athvarfinu og stjórn samtakanna heilladrjúgar. Úttektin kemur m.a. inn á hagnýt atriði er varða rekstur og innra starf athvarfsins auk þess sem komið er með gagnlegar ábendingar er varða framtíðarstefnumörkun. Margt af því sem lagt var til er annað hvort þegar komið til framkvæmda eða er í vinnslu og annað er á áætlun stjórnar eða framkvæmdateymis.

Árið 2019 einkenndist af þekkingaruppbygginu og þróun á sviði barnastarfs og er markmiðið að getað þjónað börnum þeirra kvenna sem til athvarfsins leita enn betur. Eitt þeirra verkefna sem lagður hefur verið grunnur að, með stuðningi félags- og barnamálaráðherra, *Barnaathvarfið*, felur í sér kortlagningu á þeirri þjónustu sem börnin fá og/eða þyrftu að fá. Þá hlutu samtökin styrk úr þróunarsjóði innflytjendamála til að vinna verkefni tengt erlendu börnunum sem þurfa að dveljast í Kvennaathvarfinu og var markmið þess að skoða stöðu innflytjendabarna sem dvelja í athvarfinu með hliðsjón af því hvaða notkun, reynslu og upplifun mæður þeirra hafa fengið á ferð sinni um kerfið. Þá var á árinu settur kraftur í það að auka aðgengi barna af erlendum uppruna að teiknimyndinni *Tölum um ofbeldi*, en hún kom út á spænsku í lok árs 2019 og stefnt að því hún komi út á fleiri tungumálum.

Ársskýrsla 2019
Samtök um kvennaathvarf

Á starfsárinu var lögð áhersla á að kanna leiðir til að útvíkka starfsemi athvarfsins svo hún geti, m.a., betur þjónað konum sem glíma við áfengis- og fíknivanda. Á haustmánuðum 2019 héldu starfskonur og stjórn sameiginlegan fræðslufund með fulltrúum frá teymi Reykjavíkurborgar sem fer með málefni heimilislausra kvenna með miklar og flóknar þjónustuparfir, þeim Hrafnhildi Ólöfu Ólafsdóttur og Kristínu Þórðardóttur, en þær ræddu aðstæður kvenna með fíknivanda, skaðaminnkun og leiðir til að styðja þær. Sá fundur var vel heppnaður og fyrirséð að starfskonur og stjórn muni endurtaka leikinn og halda fleiri sameiginlega fræðslufundi á komandi starfsári. Komið var á samstarfi við félagasamtökin Rótina auk þess sem Sigprúður Guðmundsdóttir, framkvæmdastýra, og Elín Jónsdóttir, gjaldkeri stjórnar, fóru í vettvangsferð í athvarfið *Cuan Saor Women's Refuge* í Clonmel á Írlandi, til að kynna sér hugmyndafræði og rekstur þeirra samtaka. Þá kynnti framkvæmdastýra athvarfsins sér starfsemi *Babettes Hus: Stiftelsen Sørlandet Krisesenter*. Allt nýttist þetta inn í þá stefnumótunarvinnu sem fór af stað í upphafi árs 2020 undir handleiðslu Elínar Jónsdóttur, gjaldkera stjórnar, og átti að ljúka haustið 2020. COVID-19 faraldurinn setti hins vegar þannig strik í reikninginn að hverfa þurfti frá því ferli sem ákveðið var í upphafi, og fól m.a. í sér umfangsmikla rýnihópavinnu. Vinnan heldur því áfram, en með breyttu sniði.

Bjarkarhlíð

Kvennaathvarfið er einn af stofnendum Bjarkarhlíðar og ráðgjafar frá athvarfinu eru með fasta viðtalstíma þar tvisvar í viku.

Ársskýrsla 2019
Samtök um kvennaathvarf

Bjarkarhlíð er samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar, Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, félagsmálaráðuneytis, dómsmálaráðuneytis, Stígamóta, Drekaslóðar, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Kvenna-
ráðgjafarinnar og Samtaka um kvennaathvarf. Á árinu var skrifað undir samning sem tryggir áframhaldandi stuðning félagsmálaráðuneytisins við Bjarkarhlíð, miðstöð fyrir þolendur ofbeldis. Samstarf við Bjarkarhlíð hefur og mun því halda áfram að þróast og fyrirséð að fleiri viðtöl muni færast þangað samhliða skipulagsbreytingum.

Arnrún hses.

Samtök um kvennaathvarf stofnuðu (sem kunnugt er) húsnæðissjálfsseignastofnunina Arnrúnu á árinu 2017. Félagið hefur síðan unnið að undibúningi að byggingu 18 íbúða fjölbýlishúss í miðbæ Reykjavíkur. Undirbúningur fólst í umsókn um stofnframlag frá Reykjavíkurborg og Íbúðalánasjóði (nú Húsnæðis- og mannvirkjastofnun), umsókn um lóð, fjáröflun, hönnunarvinnu og aðkomu að skipulagsmálum. Tilgangur félagsins er að byggja eða kaupa, eiga og hafa umsjón með húsnæði sem leigt er til skjólstaðinga kvennaathvarfsins, á viðráðanlegu verði, eftir að dvöl í neyðarathvarfinu líkur.

Á árinu 2019 var áfram unnið að fjáröflun og gekk sú vinna vonum frammar og var verkefnið styrkt um 49,9 m.kr á árinu. Þá var lokið við hönnunarvinnu á árinu. Í lok árs 2019 var síðan gengið frá verktakasamningi við Alverk ehf. um byggingu hússins og er afhending íbúðanna áætluð síðsumars 2021. Jafnframt var gengið

Ársskýrsla 2019 Samtök um kvennaathvarf

frá samningi um framkvæmdalán við Landsbanka Íslands á byggingartíma.

Laun framkvæmdastýru Arnrúnar hses., voru greidd af Kvennaathvarfinu á undirbúningstíma verkefnisins, en þegar gengið hafði verið frá fjármögnun og verksamningi og framkvæmdatímabil hófst undir lok árs 2019 var tekin ákvörðun um að launagreiðslur yrðu framvegis greiddar af Arnrúnu.

Farsótt Covid-19 hefur ekki haft umtalsverð áhrif á starfsemi félagsins þar sem framkvæmdir hafa ekki tafist að marki vegna hennar. Hins vegar er einn helsti áhættuþáttur í rekstri félagsins vísitölutrygging samningsupphæðar við verktaka. Lækkun á gengi krónunnar og aðrir þættir sem kunna að hafa áhrif á þróun byggingarvísitölu geta því haft veruleg áhrif á endanlegan byggingakostnað. Aðgerðir stjórnvalda geta þó verið þar til mótvægis og má þar nefna hækkun á endurgreiðsluhlutfalli virðisaukaskatts við byggingarframkvæmdir og sérstakt framlag stjórnvalda til byggingarframkvæmdanna sem ætlað er að tryggja að tvær íbúðanna verði sérstaklega vel útbúnar til íbúðar fyrir fatlaða.

Á sterkum grunni

Verkefni framundan eru ærin og ljóst að þörfin fyrir og eftirspurn eftir þjónustu Kvennaathvarfsins eru mikil. Áframhaldandi uppbygging á þjónustu fyrir konur og börn sem geta ekki dvalið heima hjá sér vegna ofbeldis er nauðsynleg. Það er því mikil blessun að athvarfið hefur yfir að búa öflugu starfsfólki sem er

Ársskýrsla 2019
Samtök um kvennaathvarf

tilbúið að halda uppbyggingarstarfinu áfram af metnaði svo við getum af fagmennsku mætt skjólstæðingum okkar þar sem þau eru stödd á hverjum tíma og stutt þau í lífsbaráttunni með sveigjaleika, umburðarlyndi og kærleika að leiðarljósi. Við erum lánsöm að njóta ríks stuðnings úti í samfélaginu, bæði hjá almenningi, styrktaraðilum og stjórnvöldum. Fyrir það erum við óendanlega þakklát enda er það forsenda þess að hægt sé að halda áfram á þeirri vegferð að þróa kvennaathvarf á heimsælikvarða.

Fyrir hönd stjórnar Samtaka um kvennaathvarf

Jóna Sólveig Elínardóttir

SKÝRSLA FRAMKVÆMDASTÝRU

Árið í athvarfinu

Árið 2019 var viðburðaríkt ár í Kvennaathvarfinu og húsið iðulega fullt af konum og börnum. Auk þess að sinna viðtölum við konur í athvarfinu sjálfu, bæði dvalarkonur og konur sem kjósa að koma eingöngu í viðtöl tóku ráðgjafar athvarfsins viðtöl í Bjarkarhlíð og má því segja að viðtalsþjónustan hafi enn verið fest í sessi þó þungamiðja starfsins snúist eftir sem áður um þjónustu við konur og börn í dvöl.

Undirbúningur fyrir byggingu fjölbýlishúss sem hýsa á áfangheimili fyrir konur og börn sem lokið hafa dvöl í athvarfinu stóð yfir allt árið og í árslok var skrifað undir verksamning við Alverk sem hóf framkvæmdir í ársbyrjun 2020. Margir koma að þessu verkefni með stjórn og verkefnisstýru húsnæðissjálfségnarstofunarinnar Arnrúnar sem sér um verkefnið fyrir hönd Kvennaathvarfsins. Margt fagfólk hefur komið að undirbúningi byggingarinnar og fjölmörg félagasamtök hafa lagt fjármögnun verkefnisins lið.

Eitt af markmiðum Samtaka um kvennaathvarf er að efla fræðslu og umræðu um heimilisofbeldi og nýta starfskonur athvarfsins hvert tækifæri til að vinna að því. Á árinu var að venju rætt við nemendur fjölmargra háskóla og framhaldsskóla auk kynninga á ýmsum vinnustöðum og hjá félagasamtökum. Einnig tókum við þátt í

Ársskýrsla 2019
Samtök um kvennaathvarf

fjölmörgum málþingum og fundum þar sem heimilisofbeldi var á dagskránni og athvarfið sóttu heim hópar fagfólks af ýmsum sviðum, fulltrúar erlendra sendiráða, félagasamtaka og fjölmiðla víða að úr heiminum, stjórn málmenn sem og fjölmargir einstaklingar sem vildu kynna sér starfsemina. Athvarfið átti fulltrúa á tveimur ráðstefnum WAVE og á ráðstefnu Nordiske kvinner mot vold í Kaupmannahöfn. Að auki kappkosta starfskonur þess að taka þátt í innlendum fundum og ráðstefnum sem lúta að heimilisofbeldi svo sem baráttufundi 8. mars, 16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi og pallborði í tengslum við kvikmyndasýningar og leiksýningar.

Samtök um kvennaathvarf leitast við að vera í góðu samstarfi við stjórnvöld, fjölmiðla og önnur félagasamtök. Samtökin eiga fulltrúa í tveimur mansalsteymum á vegum stjórnvalda, í ofbeldisvarnanefnd Reykjavíkur, jafnréttisráði, velferðarvaktinni, í stjórn Bjarmahlíðar á Akureyri og í teymi um málefni fólks af erlendum uppruna. Jafnframt tókum við þátt í verkefninu Saman gegn ofbeldi með Reykjavíkurborg, lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og heilsugæslunni á höfuðborgarsvæðinu sem og í rekstri Bjarkarhlíðar, miðstöð fyrir þolendur ofbeldis. Umsögnum um lagafrumvörp sem lúta að okkar málaflokkki var fylgt eftir með fundum með allsherjarnefnd Alþingis auk þess sem fundað var með einstaka þingmönnum um þau mál sem brenna á aðstandendum athvarfsins.

Ársskýrsla 2019
Samtök um kvennaathvarf

Að venju barst Kvennaathvarfinu liðsauki úr ýmsum áttum og er hlýhugur fólks í garð athvarfsins ómetanlegur. Vinum Kvennaathvarfsins, sem er hópur fólks sem styrkir athvarfið mánaðarlega, fjölgar með hverju árinu og gerir okkur kleift að ráðast í ýmis verkefni sem annars hefðu þurft að bíða. Þá eru ótalin samtök, fyrirtæki og einstaklingar sem lagt hafa starfsemi sinni lið með margvíslegum hætti, bæði með styrkjum og sjálfböðastarfi, og verður hlýhugur þeirra í garð Kvennaathvarfsins aldrei fullþakkaður.

Sigprúður Guðmundsdóttir
Framkvæmdastýra Samtaka um kvennaathvarf

Ársskýrsla 2019
Samtök um kvennaathvarf

ÁRIÐ 2019 Í TÖLUM

I. Yfirlit; Komur í athvarfið 2017 - 2019

	2017	2018	2019
Allar komur í athvarfið	637	635	689
Fjöldi koma í viðtöl	489	500	545
Fjöldi koma í dvöl	148	135	144
- Koma í fyrsta sinn í dvöl	54%	56%	74%
- Áverkar við komu í dvöl	23%	21%	23%
- Dvalarkonur með börn	41%	38%	44%
- Dvalarkonur án barna	59%	62%	56%
Heildarfjöldi íbúa			
Konur	148	135	144
Börn	103	70	100
Samtals	251	205	244
Fjöldi dvalardaga að meðaltali			
Konur	31	31	30
Börn	35	32	39
Fjöldi íbúa á dag að meðaltali			
Konur á dag	13	11	12
Börn á dag	10	6	11
Samtals íbúar á dag	23	17	23

Tafla 1. Komur í Kvennaathvarfið 2017-2019

Á árinu 2019 dvöldu 144 konur og 100 börn í Kvennaathvarfinu. Konur dvöldu í athvarfinu í frá hluta úr degi upp í 236 daga en börn

Ársskýrsla 2019
Samtök um kvennaathvarf

í frá dagparti upp í 155 daga. Að meðaltali dvöldu 23 íbúar í athvarfinu á dag en fjöldinn dreifðist mjög misjafnlega á yfir árið. Að auki hittu ráðgjafar athvarfsins 508 konur í samanlagt 912 viðtölum án þess að til dvalar kæmi; 294 konur í 545 viðtölum í Kvennaathvarfinu og 214 konur í 367 viðtölum í Bjarkarhlíð, miðstöð fyrir þolendur ofbeldis.

II. Um ofbeldið

Konur sem koma í viðtal eða dvöl í athvarfið eru beðnar að lýsa birtingarmynd ofbeldisins sem þær hafa verið beittar. Flestar konurnar nefna fleiri en eina tegund ofbeldis. Sjá töflu 2.

Tegund ofbeldis	Hlutfall
Andlegt	93%
Líkamlegt	60%
Fjárhagslegt ofbeldi	48%
Kynferðislegt	37%
Beint/óbeint gegn börnum	35%
Morðhótun	26%
Kyrkingartak	25%
Stafrænt ofbeldi	20%
Eltihrellir	16%
Stafrænt kynferðisofbeldi	5%
Annað	6%

Tafla 2. Tegund ofbeldis


Ársskýrsla 2019 Samtök um kvennaathvarf

Nær allar konurnar nefna andlegt ofbeldi, en þar á eftir nefna flestar konur líkamlegt, fjárhagslegt og kynferðislegt ofbeldi. Konum sem nefna ofbeldi gegn börnum fjölga á milli ára úr 19% árið 2018 í 35% árið 2019. Ekki er víst að það bendi til þess að ofbeldi gegn börnum sé algengara en áður, skýringuna gæti allt eins verið að finna í því að mæður skilgreini ástandið á heimilinu frekar en áður sem ofbeldi gegn börnunum. Jafnframt hækkaði hlutfall kvenna sem nefndu eltihrelli (e. stalking) sem eina ástæðu komu úr 9% í 16%.

Ef skoðuð eru svör kvenna við spurningunni: *Hvað var til þess að þú leitaðir **núna** í Kvennaathvarfið?* er rauði þráðurinn í svörum kvennanna sá að þær voru orðnar mjög hræddar við karlinn, óttuðust um öryggi og jafnvel um líf sitt og barnanna, voru búnar að fá nóg, eða þær gáfust upp á ástandinu á heimilinu. Þær þurftu stuðning og ráð og sumar þurftu skjól til að flýja ofbeldi á heimilum sínum. Einstakir atburðir svo sem líkamsárás, nauðgun eða það að gerandinn henti konu út voru einnig ástæður sem konurnar nefndu.

III. Konurnar í athvarfinu


Konurnar sem komu í athvarfið á árinu voru á aldrinum 18 til 81 árs og meðalaldur þeirra var 37 ár. Alls voru 67% kvennanna á aldrinum 18-40 ára. Sjá mynd 1.



Mynd 1. Aldursdreifing kvenna sem kom í dvöl eða viðtöl í Kvennaathvarfið á árinu 2019.

Uppruni kvennanna


Konurnar sem komu í athvarfið á árinu komu frá alls 51 landi. Þegar skoðaður er uppruni þeirra kvenna sem leituðu í dvöl eða viðtöl í athvarið á árinu 2019 sést að 67% þeirra eru íslenskar. Sjá mynd 2.



Mynd 2. Uppruni kvenna sem komu í dvöl eða viðtöl í athvarfið á árinu 2019.


Margt bendir til að mikill munur sé á upplifun og aðstæðum kvenna eftir landfræðilegum uppruna vegna reglugerðar um frjálst flæði vinnuafls innan EES. Af öllum konum sem komu í athvarfið á árinu 2019 koma 13% frá löndum innan EES og 20% frá löndum utan EES.

Ef konunum er skipt í tvo hópa eftir tegund þjónustu sem þær sóttu sér í athvarfið má sjá að meirihluti viðtalskvenna eru íslenskar en 26% þeirra voru erlendar. Sjá mynd 3.



Mynd 3. Uppruni viðtalskvenna

Uppruni dvalarkvenna er ólíkt samsettur en uppruni viðtalskvenna. Í hópi dvalarkvenna voru 51% íslenskar og 49% konur af erlendum uppruna. Sjá mynd 4.



Mynd 4. Uppruni dvalarkvenna

Ársskýrsla 2019
Samtök um kvennaathvarf

Hlutfall erlendra kvenna sem leitar til athvarfsins er hærra en úti í samfélaginu og má að öllum líkindum rekja það til þess að erlendar konur eiga síður en íslenskar konur tengslanet fjölskyldu og vina og eiga því í færri hús að vanda séu þær beittar ofbeldi á heimilum sínum. Hátt hlutfall kvenna af erlendum uppruna gefur því ekki endilega vísbendingu um það að erlendar konur séu frekar beittar ofbeldi í nánnum samböndum.

Búseta

Stærstur hluti kvennanna sem nýtti sér þjónustu athvarfsins á árinu kom af höfuðborgarsvæðinu. Sjá töflu 3.


Búseta kvenna	2017	2018	2019
Reykjavík	55%	53%	50%
Höfuðborgarsvæðið utan Reykjavíkur	27%	27%	24%
Suðurnes	7%	6%	6%
Suðurland	4%	3%	5%
Vesturland	2%	3%	3%
Norðurland	3%	1%	2%
Austurland	2%	2%	2%
Erlendis	0%	5%	5%
Ekki vitað	0%	0%	3%

Tafla 3. Búseta kvenna

Kvennaathvarfið er eina athvarfið sinnar tegundar á Íslandi og þjónar því landinu öllu en þó er ljóst að erfiðara er fyrir konur fjarri höfuðborgarsvæðinu að nýta sér þjónustu athvarfsins. Konum sem ekki hafa tök á því að koma í viðtöl er boðið upp á símaviðtöl.


IV. Gerendurnir

Þegar kyn gerenda er skoðað kemur í ljós að 95% þeirra eru karlar. Gerendurnir voru á aldrinum 18-83ja ára gamlir og meðalaldur þeirra var 43 ár. Sjá mynd 5.



Mynd 5. Aldursdreifing gerenda

Meiri hluti gerenda eru íslenskir en erlendir voru 25%. Sjá mynd 6 um uppruna gerenda. Í einhverjum tilfellum er ekki vitað um uppruna gerenda en þá hefur kona mögulega farið úr dvöl áður en tókst að taka ítarlegt viðtal við hana og spyrja meðal annars um uppruna gerandans.



Mynd 5. Uppruni gerenda


Ef gerendum sem eru eða hafa verið makar þólanda er skipt í fyrrverandi og núverandi maka má sjá að konur eru að koma út af núverandi maka í 45% tilfella en vegna fyrrverandi maka í 39% tilfella. Sjá töflu 4.

Tengsl við gerendur	Hlutfall
Núverandi eiginmaður	26%
Núverandi sambýlismaður	13%
Núverandi kærasti	6%
Fyrrverandi eiginmaður	13%
Fyrrverandi sambýlismaður	15%
Fyrrverandi kærasti	11%
Vinur/kunningi/ættingi/annað	16%

Tafla 4. Tengsl við gerendur

V. Börnin

Alls komu 100 börn í dvöl athvarfið á árinu 2019. Þau voru á aldrinum 0 – 16 ára. Meirihlutinn, eða 64 börn voru undir sex ára aldri sjá mynd 7. Af öllum konum sem komu í viðtöl eða dvöl á árinu 2019 voru tíu konur (2%) barnshafandi þegar þær komu fyrst í athvarfið.



Mynd 7. Aldursdreifing dvalarbarna

Konur sem komu í athvarfið í viðtal eða dvöl eru spurðar að því hversu mörg börn undir 18 ára aldri búi á þeirri stundu á ofbeldisheimilinu, með ofbeldismanninum. Samtals sögðu konurnar frá 349 börnum í þessari stöðu, 44% kvennanna vissu til þess að tilkynning hefði verið send til barnavendar vegna ofbeldisins en 27% kvennanna sögðu að börnin hefðu fengið einhverja hjálp vegna

Ársskýrsla 2019
Samtök um kvennaathvarf

ofbeldisins. Þegar rýnt er í svörin kemur þó í ljós að oft var aðstoðin sem börnin höfðu fengið aðstoð vegna náms- eða hegðunarerfiðleika en ekki beint vegna ofbeldisins sjálfs.

VI. Hvert fara konur eftir dvöl?

Konum sem fóru úr athvarfinu og á nýtt heimili fækkaði á milli ára en hlutfall kvenna sem fór aftur heim til ofbeldismannsins hækkaði lítillega. Sjá töflu 5. Það hlutfall er þó enn tiltölulega lágt hvort sem miðað er við fyrri ár eða við önnur athvörf í Evrópu.

Afdrif kvenna að dvöl lokinni	2018	2019
Ættingjar/vinir	19%	17%
Heim til ofbeldismanns	13%	15%
Nýtt húsnæði	19%	13%
Heim, ofbeldismaður bjó ekki þar	6%	8%
Úr landi	9%	8%
Í athvarfi um áramót	5%	8%
Heim, ofbeldismaður farinn	2%	4%
Sjúkrastofnun	2%	4%
Ekki vitað/Annað	25%	23%

Tafla 5. Afdrif dvalarkvenna

VII. Afleiðingar og aðgerðir í kjölfar ofbeldis

Í töflu 6 má sjá afleiðingar ofbeldisins og aðgerðir tengdar því. Minni hluti brotaþola kærir ofbeldið og enn minni hluti hefur notið góðs af úrræðum sem hefðu getað verndað þær. Það er

Ársskýrsla 2019
Samtök um kvennaathvarf

umhugsunarefni í ljósi þess hversu stór hluti kvennanna hefur hlotið áverka, verkið tekinn kverkataki eða óttast um líf sitt.

Spurningar	Já 2018	Já 2019
Hefur þú einhvern tímann hlotið líkamlega áverka í kjölfar heimilisofbeldis í sambandinu?	48%	53%
Hefur lögreglan einhvern tímann komið á vettvang vegna ofbeldisins?	37%	42%
Hefur þú einhvern tímann óttast um líf þitt vegna ofbeldisins?	49%	54%
Hefur þú einhvern tímann kært ofbeldið gegn þér?	12%	14%
Hefur gerandinn fengið nálgunarbann vegna ofbeldis gegn þér?	5%	5%
Hefur þú fengið neyðarhnapp vegna gerandans?	2%	5%

Tafla 6. Afleiðingar og aðgerðir í kjölfar ofbeldisins – hlutfall kvenna sem sagði já við hverri spurningu. Árin 2018 og 2019.

Af viðtals -og dvalarkonunum 438 sem leituðu til athvarfsins á árinu voru 63 sem sögðust hafa lagt fram kæru vegna ofbeldisins og 3 konur af þeim sögðu að gerandinn hafi verið sakfelldur, 10 konur sögðu málinu hafa verið vísað frá. Önnur mál voru enn í vinnslu eða kæra hafði verið dregin til baka. Konur sem leita til athvarfsins fá aðstoð við að komast í samband við lögregluna óski þær þess og margar hitta lögreglukonu í athvarfinu, en hún er tengiliður Kvennaathvarfsins við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu.

LYKILTÖLUR ÚR ÁRSREIKNINGI

	2019	2018
Rekstrartekjur alls	208.757.187	201.743.966
Rekstrargjöld alls	172.522.926	152.453.112
Tekjuafgangur án vaxta	36.234.261	49.290.854
Hreinar fjármunatekjur	5.918.810	4.050.230
Tekjuafgangur ársins	42.153.071	53.341.084
Hrein eign í árslok:		
- Kvennaathvarfið	196.497.126	154.344.055
- Sjálfseignarstofnunin	142.387.676	142.387.676
	338.894.802	296.731.731

Tafla 7. Lykiltölur úr ársreikningi árin 2018 og 2019

Rekstrartekjur alls hækka um 7 milljónir króna á milli árunna 2018 og 2019 og kemur sú hækkun að langmestu leyti frá Vinum athvarfsins, en sá hópur samanstendur af einstaklingum sem styrkja athvarfið með mánaðarlegum framlögum.

Rekstrargjöld hækkuðu um 20 milljónir króna á milli árunna 2018 og 2019. Tæplega helmingur þeirrar hækkunar er til komin vegna sammingsbundinnar hækkunar launa og launatengdra gjalda, en í Kvennaathvarfinu eru ráðgjafar að störfum allan sólarhringinn alla daga ársins, auk þess sem framlag athvarfsins til reksturs Bjarkarhlíðar er í formi viðtalsþjónustu sem ráðgjafar athvarfsins veita einstaklingum sem þangað leita. Önnur hækkun skýrist að mestu leyti vegna löngu tímabærra endurbóta sem gerðar voru á

Ársskýrsla 2019 Samtök um kvennaathvarf

húsgögnum og heimilistækjum í athvarfinu, auk þess sem myndavélakerfi utanhúss var endurnýjað að hluta.

Hreinar fjármunatekjur hækkuðu um 47% miðað við fyrra ár, en þær námu tæplega 6 milljónum króna. Tekjuafgangur lækkaði um 11 milljónir miðað við árið á undan. Sú sjóðsöfnun sem hefur orðið á undanförnum þremur árum er tímabundin, en á meðan fjármögnun byggingar áfangaheimilis er ekki að fullu tryggð er Kvennaathvarfið bakland fyrir rekstur Arnrúar hses Þegar áfangaheimilið kemst í notkun má einnig búast við að þjónusta sem þar verði veitt, komi frá starfsfólki athvarfsins. Þá er einnig fyrirhuguð opnun kvennaathvarfs á Akureyri til reynslu. Þó að það verkefni sé að hluta til styrkt af ríki og sveitarfélögum, er áætlað að megin hluti reksturs þess komi úr sjóðum Kvennaathvarfsins.

Í árslok 2019 nam hrein eign Kvennaathvarfsins um 338 milljónum að meðtalinni hreinni eign sjálfseignarstofnunar þess. Í lok ársins á undan nam hrein eign 296 milljónum og skýrist aukningin af tekjuafgangi ársins.

Styrkir og gjafir 2019

Samtals námu gjafir og styrkir til athvarfsins tæplega 209 milljónum króna sem er aukning um 7 milljónir frá árinu á undan. Mánaðarlegir styrkaraðilar athvarfsins voru eins og áður, ómetanlegir fyrir rekstur athvarfsins og styrktu athvarfið um samtals um 108 milljónir króna. Helsta sundurgreining styrkja og gjafa fylgir í töflum hér á eftir.

Ársskýrsla 2019
Samtök um kvennaathvarf

Styrkir frá ríki og sveitarfélögum	2019	2018
Ríkissjóður Íslands	78.500.000	76.600.000
Reykjavíkurborg	12.504.000	12.500.000
Akureyri	200.000	0
Kjósahreppur	150.000	0
Seltjarnarnes	0	150.000
Grindavíkurbær	50.000	50.000
Kópavogsbær ¹⁾	1.000.000	900.000
Vesturbyggð	0	10.000
Fjarðabyggð	350.000	300.000
Fljótshálfur	100.000	0
Norðurþing	150.000	100.000
Garðabær	400.000	400.000
Mosfellsbær	250.000	250.000
Sveitafélagið Árborg	70.000	50.000
Hveragerðisbær	120.000	120.000
Akraneskaupstaður	300.000	250.000
Eyjafjarðarsveit	100.000	150.000
Sveitarfélagið Ölfus	145.000	135.000
Sveitarfélagið Vogar	60.000	0
Ísafjarðarbær	60.000	0
Reykjanesbær	0	200.000
Borgarbyggð	100.000	0
Fjallabyggð	25.000	0
Rangárþing eystra	75.000	0
Sveitarfélagið Skagafjörður	75.000	0
Vestmannaeyjabær	160.000	0
Samtals	94.944.000	92.165.000

Tafla 8. Yfirlit styrkja frá ríki og sveitarfélögum árin 2018 og 2019

Ársskýrsla 2019
Samtök um kvennaathvarf

Gjafir	2019	2018
Vinir athvarfsins	107.869.231	101.787.970
SFR, stéttarfélag	250.000	
Dwayne og Teresa Dark	363.030	
Kristinn Aðalbjörnsson	300.000	
Zontaklúbburinn Embla	200.000	280.000
Steindór Ívarsson f.h.	250.000	200.000
Bangsasjóðs		
Reykjavíkurmaraþon	257.081	211.439
Soroptimistaklúbbur Kópavogs	175.000	
Soroptimistaklúbbur	250.145	
Mosfellsbæjar		
Reb.stúka nr.4 Sigríður IOOF	400.000	400.000
Reb.stúka nr. 2, Þórunn	500.000	
Engilráð Einarsdóttir	110.000	
Hrafnagilsskóli	30.000	
Felagsgjöld	594.000	720.140
Aðrir aðilar	3.164.700	5.699.550
Samtals	114.713.187	109.299.099

Tafla 8. Yfirlit gjafa árin 2018 og 2019